



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa  
og fjármálastofnana

**Fréttatilkynning**  
30. september 2013

### Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

#### Fjórði ársfjórðungur 2013

- Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir allt að **20 ma.kr.** að söluvirði til að mæta minni útgáfu ríkisvixla.
- Stefnt er að útgáfu á nýjum flokki ríkisbréfa með gjalddaga árið 2020.
- Mögulega verður einnig gefið út í eftirfarandi flokkum: RIKB 15 0408, RIKB 22 1026 og RIKB 31 0124.
- Útgáfa ríkisbréfa og ríkisvixla í almennum útboðum á árinu tekur mið af sölu í flokknum RIKS 33 0321 í tengslum við gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands.

#### Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2013 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 90 ma.kr. að söluvirði á árinu. Þessu markmiði hefur verið náð en útgáfa fyrstu níu mánuði ársins er samtals 90,4 ma.kr. að söluvirði, þar af er sala í almennum útboðum 83,7 ma.kr. og 6,7 ma.kr. í tengslum við gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands.

Á þriðja ársfjórðungi var stefnt að því að selja ríkisbréf í markflokkum fyrir 15-29 ma.kr. að söluvirði. Seld voru ríkisbréf fyrir 29,3 ma.kr., þar af var útgáfa í almennum útboðum tæpir 28,7 ma.kr. og 0,6 ma.kr. í tengslum við gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands. Nánari skiptingu á sölu markflokka má sjá í töflunni hér að neðan.

#### Útgáfa ríkisbréfa að nafnverði á þriðja ársfjórðungi

Almenn útboð	Útgáfa í ma.kr.	
	Hámark	Raun
RIKB 15 0408	15	3,9
RIKB 22 1026	15	11,7
RIKB 31 0124	15	13,1
Samtals:		28,7
Gjaldeyrisútboð		
RIKS 33 0321		0,6
Heildarútgáfa:		29,3



## LÁNAMÁL RÍKISINS

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisvíxla

Samkvæmt ársætlun var stefnt að því að staða ríkisvíxla yrði um 40 ma.kr að nafnverði í árslok 2013 en staða þeirra var 18,3 ma.kr. í lok september. Til að mæta hugsanlegri minni útgáfu ríkisvíxla verða gefinn út ríkisbréf fyrir allt að 20 ma.kr.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi

Sala ríkisbréfa hefur gengið vel á árinu og er markmiðinu sem sett var í upphafi árs náð. Vegna væntinga um minni útgáfu ríkisvíxla en áætlanir gerðu ráð fyrir verður útgáfa ríkisbréfa aukin um allt að **20 ma.kr.** að söluverði síðustu þrjá mánuði ársins. Í ársáætlun var tilkynnt um fyrirhugaða útgáfu á nýjum flokki ríkisbréfa með gjalddaga árið 2020. Ákveðið hefur verið að gefa út þennan flokk á síðasta ársfjórðungi. Hann mun verða byggður upp á næstu árum sem 5 ára markflokkur og síðar sem 2ja ára flokkur. Ef sala ríkisvíxla eykst umfram það sem nú er þá er möguleiki á því að fresta þurfi útgáfu á nýja flokknum fram yfir áramót. Ásamt nýja flokknum verða mögulega einnig boðnir út eftirfarandi flokkar: RIKB 15 0408, RIKB 22 1026 og RIKB 31 0124.

Áætluð heildarútgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi er allt að **20 ma.kr.** að söluvirði. Áætluð hámarksútgáfa að nafnverði í einstökum flokkum er 10 ma.kr. eins og kemur fram í töflu hér að neðan.

### Áætluð útgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi 2013

Fjárhæðir í ma.kr.	Útgáfa
Skuldabréfaflokkar	Hámark
RIKB 15 0408	10
RIKB 22 1026	10
RIKB 31 0124	10
Nýr flokkur - RIKB 20	10

### Áhrif aðgerða til losunar gjaldeyrishafta á útgáfu ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands hefur tilkynnt að tvö gjaldeyrisútboð verði haldin fram til áramóta þ.e. 15. október og 3. desember. Gjaldyrisútboðin eru tvískipt; annars vegar þar sem Seðlabanki Íslands kaupir evrur og hins vegar selur evrur.

Í útboðum þar sem Seðlabanki Íslands kaupir evrur er fjárfestum boðið að fara svokallaða fjárfestingarleið eða kaupa ríkisbréf sem verða bundin til 5 ára. Ríkisbréf sem fjárfestum stendur til boða í skiptum fyrir evrur er RIKS 33 0321. Útgáfa í flokknum í tengslum við gjaldyrisútboðin mun hafa samsvarandi áhrif til lækkunar á sölu ríkisskuldabréfa í almennum útboðum á árinu.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvíxla verða birtar nokkrum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.